



MOLDUN

Síldarvalsinn

Steingrímur Sigfússon / Haraldur Sófaníasson

BLESSUN

EFTIRSPIL

Hoppa kátur út um dyrnar
við blasir himininn,
himinblár er bláminn
himneskur jökullinn.

Óbyggðirnar kalla
og ég verð að gegna þeim,
ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kem heim.

Bergmál óbyggðanna
svo bjart í huga mér,
leiður á öllu og öllum
hundleiður á sjálfum mér.

Óbyggðirnar kalla
og ég verð að gegna þeim,
ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Magnús Eiríksson

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Einsöngur: Jón Garðar Bjarnason
Kór: Stakir jakar
Umsjón: Albert Eymundsson og Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar
í Mánagarði að athöfn lokinni.*

Svarðist Helgu



Sigurður Bjarni Eymundsson



Fæddur 4. desember 1938

Dáinn 22. janúar 2026

Útför frá Hafnarkirkju
fimmtudaginn 29. janúar 2026



FORSPIL

Jägerchor

Carl Maria von Weber

SIGNING OG BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphelðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýtttri braut
glæður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
:: hefur mig, Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður, einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Matthías Jochumsson -Lowell Mason

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.



RITNINGARLESTUR

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinnsson

GUÐSPJALL

Einsöngur

I see trees of green, red roses too
I see them bloom for me and you
And I think to myself
What a wonderful world

I see skies of blue and clouds of white
The bright blessed days, the dark sacred nights
And I think to myself
What a wonderful world

The colors of the rainbow, so pretty in the sky
Are also on the faces of people going by
I see friends shaking hands, saying, "How do you do?"
They're really saying, "I love you"

I hear babies cry, I watch them grow
They'll learn much more than I'll ever know
And I think to myself
What a wonderful world

Yes, I think to myself
What a wonderful world
Oh, yeah

Bob Thiele



MINNINGARORD

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!
Engið, fjöllin, áin þín,
– yndislega sveitin mín! –
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga!

Fjalladrottning, móðir mín!
mér svo kær og hjartabundin;
sæll ég bý við brjóstin þín,
blessuð aldna fóstura mín!
Hér á andinn óðul sín
öll, sem verða á jörðu fundin.
Fjalladrottning, móðir mín,
mér svo kær og hjartabundin!

Sigurður Jónsson á Arnarvatni

BÆN OG FAÐIR VOR

Ég vil heim

Þegar hljóðnar dagsins dynur,
þegar draumar taka við
þá liggja andans vegir – vinur
svo vítt á horfin svið.
Þar sem birtast bláir tindar,
þar sem báran kyssir sand
þar sem blása vorsins vindar létt
er vona minna land.

Ég vil heim á horfnar slóðir,
ég vil heim á þeirra fund
þar sem loga gamlar glóðir
og geisla hverja stund.
Þar sem ofar jöklum öllum
flýgur örn um loftin blá
þar er frelsi upp í fjöllum hátt
sem fyllir hjartað þrá.

Og þar ég drekk svo þína skál
á þöglum stað að kveldi dags
á meðan friður fyllir sál
í faðmi sólarlags
á meðan friður fyllir sál
í faðmi sólarlags.

og þar ég drekk svo...

Yfir heiðardalinn heima
vil ég horfa litla stund,
þar sem silfurskuggar sveima
meðan sígur húm á grund.
Á tigna fjallatinda
nú töfrabirtu slær
meðan norðurljósin leiftra þar
og logar kaldur sær.

Lag: Vigfús Svavarsson - Texti: Guðbjartur Össurarson